

Nd.

81. Frumvarp til laga

[74. mál]

um verkalyðsskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal skóla, er nefnist Skóli verkalyðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

Á sumrin getur skólinn haft styttri eða lengi námskeið til hvatningar og fræðslu, og fer kennslan þá aðallega fram í fyrirlestrum og frjálsslegu námshópastarfi.

2. gr.

Aðalnámssgreinar vetrarskólans eru íslensk tunga, íslenskar bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga og þróun atvinnuveganna, þjóðfélagsfræði, hagfræði, alþjóðamálið esperanto, enska og eitt norðurlandamál.

3. gr.

Auk aðalnámssgreina skal verkalyðsskólinn veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og starf verkalyðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda. Einnig skal skólinn kynna nemendum rækilega meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar — alveg sérstaklega vinnulöggjöfina. Þá skal í öllu starfi skólans brýna rækilega fyrir nemendum skyldur þegnanna og réttindi í lýðsræðisþjóðfélagi.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Kennslan fer að nokkru fram í fyrirlestrum. Söngur skal iðkaður daglega í nánum tengslum við alla kennslu og starfsemi skólans.

4. gr.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fer með stjórn skólans og ræður skólastjóra og kennara.

5. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu í verkalýðsfélagi.

6. gr.

Ríkið leggur fram fé til stofnkostnaðar og rekstrar verkalýðsskólans eftir sömu reglum og til skóla gagnfræðastigsins. Að öðru leyti leggja verkalýðssamtökin fram fé til stofnunar og starfrækslu skólans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ber ríkisstjórninni að sjá um, að þau komi þegar til framkvæmda.

Greinargerð.

Á seinasta þingi bar flutningsmaður þessa máls fram frumvarp um gagnfræðaskóla verkalýðssamtakanna. Þetta frumvarp er að meginefni hið sama, en nokkuð breytt að formi til. Horfið er frá að láta skóla verkalýðssamtakanna falla inn í heildarskólakerfið sem einn af skólum gagnfræðastigsins, heldur er hann hugsaður sem sérstök grein á þeim stofni, líkt og bændaskólarnir og skólar annarra atvinnustétta. Ekki er þó farið fram á það, að ríkið beri allan stofnkostnað og rekstrarkostnað þessa skóla, eins og það gerir um bændaskóla, sjómannaskóla og flesta aðra skóla einstakra vinnustétta og atvinnugreina, heldur er verkalýðshreyfingunni ætlað að bera þar sama hlut kostnaðarins sem bæjar- og sveitarfélög bera af stofn- og rekstrarkostnaði skólanna á gagnfræðastiginu.

Fylgir nú hér á eftir greinargerð sú, lítið breytt, er fylgdi frumvarpinu um gagnfræðaskóla verkalýðssamtakanna á seinasta þingi.

Hugmyndin um sérskóla fyrir verkalýðshreyfinguna mun vafalaust koma einhverjum ókunnuglega fyrir í fyrstu. Ef til vill kann sumum að finnast slíkt vera blátt áfram fjarstæðukennd hugmynd. En ef svo fer, þá er því aðeins um að kenna, að við höfum í þessu efni dregið langt aftur úr öðrum menningarþjóðum. Dönsk verkalýðshreyfing hefur t. d. allengi átt aðgang að tveimur slíkum skólum, sem að sjálfsögðu eru kostaðir af ríkinu eins og aðrir skólar. Þetta eru lýðháskólarnir í Hróarskeldu og Esbjerg. Hliðstæðir skólar eru einnig til í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. eru þeir ávallt yfirfullir og þykja vera hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagsfólk verkalýðssamtakanna og sérstaklega fyrir trúnaðarmenn þeirra og forustumenn.

Í þessum löndum er löngu viðurkennt, að slíkt skólahald sé ekkert sérmál verkalýðsstéttarinnar út af fyrir sig, heldur sé slík fræðslustarfsemi eðlilegur og þýðingarmikill þáttur í fræðslustarfi þjóðanna.

Sumarið 1951 var Alþýðusambandi Íslands boðið að senda nefnd til Bandaríkjanna til þess að kynna sér skipan verkalýðsmála og atvinnumála í þessari voldugu ríkjasamsteypu. Formaður sendinefndarinnar var Finnur heitinn Jónsson alþingismaður.

Þegar heim kom, skrifaði Finnur skýrslu um það merkasta, sem fyrir þá félagar hafði borið í ferðinni. Duldist engum, sem skýrsluna las, að Finnur og félagar hans höfðu orðið einna hrifnastir af því, hversu veglegt rúm fræðslunni um verkalýðs-

mál og verkalýðshreyfingu var ætlað í ýmsum skólum Bandaríkjanna, jafnvel sjálfum háskólunum. — Segir svo um þetta í upphafi skýrslunnar:

„Einn af mörgum háskólum Chicagoborgar er Roosevelt College, ungur skóli, stofnaður 1945, sem hefur unnið sér viðurkenningu fyrir frjálsslyndi og framsýni. Við skóla þennan er verkalýðsmáladeild, undir stjórn ungs prófessors, að nafni Mac Callister, og annaðist hann móttöku sendinefndarinnar í Chicago. Verkalýðsmálaskóla þennan sóttu veturinn 1950—51 um 1500 starfandi verkalýðsleiðtogar frá 50 félögum, og nú sótti sendinefnd Alþýðusambandsins fyrirlestra við þennan skóla og ræddi við prófessora þar um sögu, viðhorf og vandamál amerísku verkalýðshreyfingarinnar þær tvær vikur, sem dvalizt var í Chicago.“

Hvað ætli menn segðu hér, ef farið væri fram á stofnun prófessorsembættis eða sérstakrar deildar í verkalýðsmálum við Háskóla Íslands? — Hætt er við, að margur kynni að hrista höfuðið yfir slíku.

Skömmu eftir heimkomuna lagðist Finnur Jónsson í sjúkrahús fársjúkur af því meini, er leiddi hann til bana nokkrum vikum síðar. En á sóttarsænginni var honum það ríkast í huga að vekja áhuga á stórauðnu fræðslustarfi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Skrifaði hann hverja hvatningargreinina á fætur annarri í banalegunni um fræðslu- og skólamál alþýðusamtakanna.

Í seinustu greininni fórust honum m. a. orð á þessa leið:

„Síðan ég skrifaði fyrri grein mína um nauðsyn á fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins, hefur það tvennt skeð, að Alþingi hefur komið saman til fundar að nýju og Alþýðusamband Íslands hefur auglýst fræðslunámskeið nú í vetur. Þessari auglýsingu Alþýðusambandsins ber að fagna, þó að hins vegar sé ekki hægt að loka augunum fyrir því, að A. S. Í. skortir fé til slíkrar fræðslustarfsemi. Verður því eitt af hlutverkum þess Alþingis, sem nú situr, að veita fé til starfseminnar og það svo ríflega, að nægi til þess að leggja nauðsynlegan framtíðargrundvöll að fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins.“

A. S. Í. þarf að tryggja sér til kennslunnar hina beztu fánlegu starfskrafta um allt, er lýtur að stjórn og starfi verkalýðsfélaganna sjálfra, sögu þeirra, svo og samningagerðum og þess háttar. . . .

Til annarra þátta þessarar fræðslustarfsemi, svo sem upplýsinga um félagsmálalöggjöfina, vinnulöggjöfina, mismun á lýðræði og einræði, fræðslu um löggjöf, sem lýtur að öryggi á vinnustöðvum og eftirlit með skipum, réttindi og skyldur hvers borgara í lýðræðisþjóðfélagi, svo og tilsögn um alþjóðastarfsemi verkalýðsfélaga og samstarf þeirra á lýðræðisgrundvelli, þarf að velja hina færustu fræðimenn, hvern á sínu sviði. Slík fræðsla ætti að fara fram í fyrirlestraformi, en að loknum hverjum fyrirlestri yrðu svo leyfðar fyrirspurnir og almennar umræður í því skyni að æfa nemendurna í að hugsa sjálfstætt og taka ákvarðanir, eftir að hafa skoðað allar hliðar málsins.“

Þetta voru skoðanir Finns heitins Jónssonar á nauðsyn og fyrirkomulagi fræðslustarfsemi á vegum verkalýðssamtakanna.

Nú mæla öll rök með því, að ríkið sjálft viðurkenni og kosti skóla verkalýðssamtakanna á sama hátt og bændaskólar, húsmæðraskólar og aðrir skólar fámennari vinnustétta (matsveina, vélstjóra o. s. frv.) eru að meira eða minna leyti kostaðir af ríkisfé. Eða hvers ætti fjölmennasta stétt þjóðfélagsins að gjalda, ef það teldist goðgá að halda uppi myndarlegum skóla henni til fræðslu og menntunar?

Sú skoðun ryður sér æ meir til rúms í heiminum, að lýðræðið eigi allt sitt undir almennri þekkingu og menntun þegnanna, einkánlega staðgóðri þekkingu í þjóðfélagsmálum. Vitrustu menn hafa þegar gefið upp vonina um, að ofstæki og einræði verði nokkurn tíma útrýmt með þvingunarlöggjöf eða fangelsunum. Til þess sé aðeins ein leið fær: Bætt lífskjör, aukið öryggi og viðtæk þekking alþýðustéttanna á þjóðfélagsmálum.

Eins og skýrt kemur fram í 1.—3. gr. frunvarpsins, er skólanum ætlað að haga námsgreinavali og kennslutilhögun með svipuðum hætti og gefið hefur góða raun í sams konar skólum verkalýðssamtakanna á Norðurlöndum. Er allt við það miðað, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna á vinnustöðvum og forustumenn félaganna eigi þess kost að afla sér þar hagnýtrar þekkingar á félagsstörfum. Þess vegna er áherzlan lögð á íslenzku, sögu, hagfræði, félagsfræði og hagnýtt tungumálanám.

Skiptir það þjóðfélagið miklu, að starfsmenn verkalýðssamtakanna séu sem allra bezt undir þann trúnað búinir, sem þeim er falinn í fjölmennustu og völdugustu félagssamtökum þjóðfélagsins. Þess vegna ber að leysa skólamál verkalýðssamtakanna með almennri lagasetningu.